



# Tími fyrir umræðu um 5G með Claire Edwards.



**Claire Edwards býr í Vín og var á árunum 1999 til 2017 ritstjóri og þjálfari í alþjóðlegum og fjölmennningarlegum skrifum hjá Sameinuðu þjóðunum. Þann 6. febrúar 2019 skrifaði hún sérstaklega fyrir Kla.TV ákall sitt til opinberrar umræðu um 5. kynslóð farsímanetsins, nefnt 5G og sem við birtum nú í styttri útgáfu.**

Claire Edwards býr í Vín og var á árunum 1999 til 2017 ritstjóri og þjálfari í alþjóðlegum og fjölmennningarlegum skrifum hjá Sameinuðu þjóðunum. Þann 6. febrúar 2019 skrifaði hún sérstaklega fyrir Kla.TV ákall sitt til opinberrar umræðu um 5. kynslóð farsímanetsins, nefnt 5G og sem við birtum nú í styttri útgáfu.

„Ég tilheyri ekki hópnum sem forðast tækni. Þegar ég því heyrði af upplýsingakvöldi um 5G hugsaði ég með mér, þangað vil ég fara, þetta hljómar sem góðar fréttir.

Við vorum leidd inn í tignarleg salarkynni stórs farsímafyritækis þar sem tekið var á mótí okkur – á risaskjá - með kveðjunni: „5G – Framtíðin“ Vinsamlegur stjórnandi á besta aldri sýndi okkur ákafur frábærlega unnin myndbönd – af fallegu fólki sem þrífur dásemdir 5G í hástert. Myndböndin hétu: „Ástæða þess hve stórhrið Kína er af 5G“ og „Go allwhere“ (á íslensku: „Það er þarna, hvert svo sem þú ferð“.) Ha? Samt var bætt við þetta allt flennistórri litskyggusýningu þar sem úði og grúði af sammiðja hringjum, lýsandi örvum og feitiletruðum, betursjáanlegum slagorðum eins og: „nýtt upphaf“, „styttri biðtími“, „gagnahraði“, „fjórða iðnbyltingin“, „miðlægt ský“. Mjög kúl!

Okkur var tjáð að borgir sem í dag teljast flottar, verði í framtíðinni ýtt langt inn í skuggann af mega-borgum. Það verði til sjálfkeyrandi bílar, fjarstýrðar skurðaðgerðir, vélmenni, þrívíðir ráðstefnuþulur, Virtual-Reality tölvuleikir, nærmyndir allra bardagaatriða á leikvangi. Í stuttu máli – 5G þýðir stærri umbyltingu en gufuvélin þýddi í sína tíð, fylgt af rafmagninu og í dag upplýsingatækninni. En skiptir það hinn almenna borgara virkilega öllu máli að hlaða niður bíómynd á örfáum sekúndum í stað 6 mínútna? Myndir þú virkilega frekar taka fjarstýrða skurðaðgerð framyfir persónulega þjónustu? Ert þú spenntur fyrir að búa í risaborgum? Vilt þú að vélmenni komi í þinn stað? Í USA hefur þegar komið til þess að fólk hefur brugðist við sjálfkeyrandi bílum með ofbeldi. Og samkvæmt rannsókn breska háskólans í Surrey þyrfti að fella tugi milljóna trjáa til þess að tryggja að nauðsynleg merkin fyrir sjálfkeyrandi strætó, bíla og lestar kæmust óheft áfram.

Heiðarleiki stjórnandans var afvopnandi. Þegar hann svaraði spurningum hinna örfáu efasemdamanna úr þessum litla áhorfendahópi um hvort hægt væri að kúpla sér útúr þessu.

–„Ó, nei, það væri ekki mögulegt!

„En upplýsingarnar okkar, - eru þær öruggar?“

–„Ég efast um það!!“

Eru lögfestar einhverjar reglur lagalegt samkomulag um reglur?“ –„Nú, lög, sem koma reglu á þetta allt þurfa að koma fljótlega, fer eftir því hvernig við komumst áfram með þetta, en það á eftir að próa þær!“

„Hvað verður um frelsi okkar?“

–„Við munum þurfa að kyssa það bless!“

„Afleiðingar fyrir heilsu okkar?“

– „Um það þurfa líffræðingarnir okkar að tala“.

Á meðan að stuttri pásu stóð yfir kom í ljós hinn mikli skoðanamunur milli tæknifríkanna og efasemdafólksins. Þannig hafði t.d. forritari á „snjall“ teljumum eða svokallaðra snjallmæla aldrei heyrt talað um skítugan straum sem orsakað hefur húsburna, jafnvel dauðsföll í N-Ameríku og þið hafið fjallað um, ásamt öðrum á YouTube og fleiri netmiðlum.

Einn vatns-auðlindasérfræðingurinn lofaði miklu árangursríkari vatnsstjórnun og hrukkaði pirraður ennið þegar efasemdafólkið vitnaði í bók Gerald Pollacks „Hinn fjórði vökvahamur vatnsins“, hvort vatnið væri nokkuð drykkjarhæft eftir að það væri útsett fyrir slíkum rafsegulsgeislum. Annar 5G ákafamaðurinn yppti bara öxlum yfir hækkaði krabbameinstíðni og bætti sigri hrósand við: „Enginn getur staðið gegn framförum!“ Rafverkfræðingur sannfærði mig með því að hann hafi áratugum saman unnið með rafsvið allt að 400.000 voltum og búi ennþá við góða heilsu. „En hvað með“ spurði ég „þá geislamyndun 5G sem virkar eins og laser? Og hvað með púlsana af henni?

„Æ, þú skilur þetta ekki“, og gafst upp á mér.

Enginn þeirra hafði nokkru sinni heyrt um 20.000 ný gerfitungl sem nú þegar eru til, bíða eftir að vera skotið upp á sporbaug um jörðu til að hylja alla jörðina eins og 5G teppi sem sett er yfir sérhverjan fersentimetra svo enginn komist lengur undan því, ekki einu sinni á afskekktustu svæðunum.

Mjög fáir vita hvað 5G felur í sér. Í stað dásamlegrar framtíðar, þá má óttast að 5G muni miklu frekar leiða til ófyrirséðrar dystópiu, til fordæmalauss öfugsnúnings allra norma, sem minnir óhugnanlega á skáldsögu Huxleys „Veröld ný og góð“ bara uppfærða með smá dassi af vísindaskáldsögu uppvakninga-heimsendi. Er því ekki kominn tími á opinbera umræðu um hvort það sé einhver sem virkilega vilji þessa „Veröld 5G og góð“?

Í september 2018 birti Claire Edwards ásamt stærfræðingnum Arthur Robert Firstenberg hið alþjóðlegt ákall „Stöðvið 5G á jörðu og út í geimi“ sem hefur í millitíðinni verið þýtt á 23 tungumálum og fengið meira en 50.000 undirskriftir. Hér á eftir birtum við krækju á ákallið.

eftir hm

---

## Heimildir:

<https://www.5gspaceappeal.org/the-appeal>

<https://web.archive.org/web/20180823124848/https://www.pcmag.com/commentary/363244/the-problem-with-5g>

Dvorak, John C. “The Problem With 5G.” PC Magazine, August 22, 2018.

<https://www.tu-auto.com/the-disrupters-some-lidars-could-cause-blindness-warns-aeeye-2/>

Bedigian, Louis. “The Disrupters: Some LiDARs Could Cause Blindness, Warns Aeye.” Automotive. July 13, 2018.

<https://www.tu-auto.com/the-disrupters-some-lidars-could-cause-blindness-warns-aeeye-2/https://www.surrey.ac.uk/sites/default/files/2018-03/white-paper-rural-5G-vision.pdf>

Brown, Tim, Michael Fitch, David Owens, Simon Saunders, Andy Sutton, and Stephen Temple. 5G

Whitepaper: Meeting the Challenge of “Universal” Coverage, Reach and Reliability in the Coming 5G Era. Publication. Institute For Communication Systems, University of Surrey.

<https://www.surrey.ac.uk/sites/default/files/2018-03/white-paper-rural-5G-vision.pdf><https://ecee.colorado.edu/~ecen5555/SourceMaterial/Pollack13.pdf>

Pollack, Gerald H. "The Fourth Phase of Water: Beyond Solid, Liquid, and Vapor." Edge Science 16( November 2013).

**Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:**

#5G-ISL - [www.kla.tv/5G-ISL](http://www.kla.tv/5G-ISL)

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjalsar – óháðar – óritskoðaðar ...**



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á [www.kla.tv/is](http://www.kla.tv/is)

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið  
þitt færðu hér: [www.kla.tv/abo-is](http://www.kla.tv/abo-is)

**Ábending öryggisins vegna:**

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispessan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: [www.kla.tv/vernetzung&lang=is](http://www.kla.tv/vernetzung&lang=is)

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.